

**41** 28. maí mennu reglu í 39. gr. fátækralaganna, að Sigríður, sem var skilgetin, fjelli til framfærslu sama hrepps-fjelags og faðir hennar, það er Patrekshrepps. Ef hið gagnstæða hefði átt að eiga sjer stað, á milli hreppanna innbyrðis, hefði sjer-staklega þurft að vera kveðið á um það í samningi milli hreppanna.

Því úrskurðast: Patrekshreppur á að standa straum af fátækraframfærslu þurfalingsins Sigríðar Jónsdóttur.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar fyrir hreppsnefndum tjeðra hreppa.

**42** 31. maí **Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, til biskups um flutning sóknarkirkjunnar í Ásmundarstaðasókn í kaupþúnið á Raufarhöfn.**

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefndar og tillögum hlutaðeigandi prófasts og að undangengnum öðrum undirbúningi, veitir ráðuneytið hjermeð samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dags. 17. febr. f. á., og með skírskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, leyfi til þess að söfnuðurinn í Ásmundarstaðasókn í Norður-Pingeyjarprófastdæmi megi flytja sóknarkirkju sína í kaupþúnið á Raufarhöfn.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birt-ingar, og er yður jafnframt sent endurrit af brjefi atvinnu- og samgöngumála-ráðuneytisins hingað, dags. 2. þ. m., þar sem það samþykkir að kirkjan fái full umráð yfir lóð þeirri, er hún á að standa á sem og öllu kirkjugarðsstæðinu.